

Gerður Helgadóttir og Sigurjón Ólafsson eru meðal fulltrúa afstrakt listar á Íslandi. Gerður vann mörg verk út frá hugmyndum um konkret list (geómetrísk afstrakt). Sigurjón hneygðist hins vegar að ljóðrænni afstrakt.

Sigurjón vann verkið **Á leið til elskunnar minnar** við erfiðar aðstæður í mjög litlu herbergi, en hann ímyndaði sér að hann væri að gera risahöggmynd sem ætti að fara yfir umferðargötu og mundu bílar keyra undir.

Gerður og Sigurjón unnu bæði með svokallað jákvætt og neikvætt rými í verkum sínum. Sjálft efni myndarinnar er jákvæða rýmið. Neikvætt er það rými sem efnið umlykur. Í stað þess að fylla listaverkið með efnismassa er rýmið nánast teiknað með vírum eða öðru efni. Bæði efnið (jákvæða rýmið) og tómarúmið (neikvæða rýmið) gegna þannig jafn mikilvægu hlutverki í listaverkinu.

Hvað eiga myndirnar **Komposition** eftir Gerði og **Á leið til elskunnar minnar** eftir Sigurjón sameiginlegt? Hvernig eru þær frábrugðnar?

---

---

---

---

---

Henry Moore vann með jákvætt og neikvætt rými í verkinu **Hjálmhöfuð**. Lýstu hvernig. Hvað finnst þér myndin sýna?

---

---

---

---

---



Gerður Helgadóttir  
*Komposition* 1953



Henry Moore  
*Hjálmhöfuð nr. 6* 1975



Sigurjón Ólafsson  
*Á leið til elskunnar minnar* 1954 – 1955